

Ólafsfjarðarvegur (82). Á bls. 3 í þessu blaði er auglýst útbod snjóflóðavarna við Saudanes.

Auglýsingar útboda

Hraðútbod

Yfirlagnir Norðaustursvæði 2011, norðurhluti, klæðing 11-035

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á norðurhluta Norðaustursvæðis.

Helstu magntölur:

Yfirlagnir.....	332.000 m ²
Flutningur steinefna.....	4.500 m ³
Flutningur bindiefna.....	548 tonn

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2011.

Útbodsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánu-
deginum 23. maí 2011. Verð útbodsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. maí 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Hraðútbod

Yfirlagnir Norðaustursvæði 2011, austurhluti, klæðing 11-034

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á austurhluta Norðaustursvæðis.

Helstu magntölur:

Yfirlagnir.....	324.000 m ²
Flutningur steinefna.....	4.700 m ³
Flutningur bindiefna.....	530 tonn

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2011.

Útbodsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánu-
deginum 23. maí 2011. Verð útbodsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. maí 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 9. tbl. 19. árg. nr. 565 23. maí 2011

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:

**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin

Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbods-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbod eru kynnt,
útbodsauðgýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Auglýsingar útboða

Ólafsfjarðarvegur (82),

snjóflóðavarnir við Sauðanes 11-021

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð snjóflóðavarna í Ólafsfjarðarmúla. Um er að ræða gerð þriggja snjóflóðaskápa ofan vegar og uppsetningu á stálþili framán við þá, tveimur 40 m löngum og einu 50 m. Efnið sem til fellur við gerð skápanna skal nota til breikkunar og jöfnunar vegfláa neðan vegar á um 0,9 km kafla.

Helstu magnþölur eru:

Bergskering (sprengingar).....	8.000 m ³
Fláafleygar, efni úr skeringu.....	21.000 m ³
Ræsalögn – lengingar.....	6,5 m
Endafrágangur ræsa.....	3 stk.
Fylling að stálþili 0-100 mm efni....	470 m ³
Snjóflóðavarnir – stálþil.....	130 m
Merking vinnusvæða.....	1 HT

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. október 2011.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi

1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 23. maí 2011. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 7. júní 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Niðurstöður útboða

Brú á Pambá (68)

- viðgerð steypu 11-024

Tilboð opnuð 17. maí 2011. Viðgerð brúar yfir Pambá á Innstrandavegi (68).

Helstu magnþölur:

Brot og endursteypa.....	5 m ²
Múrviðgerðir.....	70 m ²
Múrviðgerðir (kantar).....	20 m
Hreinsun steypu.....	332 m ²
Sílanúðun.....	332 m ²
Kústun steypu.....	332 m ²

Verki skal að fullu lokið 29. júlí 2011.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
7 Sólhús ehf., Reykjavík	9.405.600	137,1	4.832
6 Íslandsmúr ehf., Reykjavík	7.900.000	115,1	3.327
5 Magnús og Steingrímur ehf., Reykjavík	7.856.000	114,5	3.283
4 Í-2552, Bolungarvík	7.472.800	108,9	2.900
--- Áætlaður verktakakostnaður	6.860.817	100,0	2.288
3 Spennt ehf., Reykjavík	5.004.400	72,9	431
2 Íslandsmálarar ehf., Reykjavík	4.580.000	66,8	7
1 Verkvík - Sandtak, Hafnarfirði	4.573.200	66,7	0

Brýr á Hrófá og Fellsá (68)

- viðgerð steypu 11-026

Tilboð opnuð 17. maí 2011. Viðgerð brúa yfir Hrófá og Fellsá á Innstrandavegi (68).

Helstu magnþölur:

Múrviðgerðir.....	60 m ²
Múrviðgerðir (kantar).....	30 m
Hreinsun steypu.....	441 m ²
Sílanúðun.....	441 m ²
Kústun steypu.....	441 m ²

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2011.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	9.834.157	100,0	4.899
7 Íslandsmúr ehf., Reykjavík	9.000.000	91,5	4.065
6 Magnús og Steingrímur ehf., Reykjavík	8.937.500	90,9	4.003
5 Sólhús ehf., Reykjavík	8.789.000	89,4	3.854
4 Í-2552, Bolungarvík	6.970.400	70,9	2.035
3 Spennt ehf., Reykjavík	5.679.950	57,8	745
2 Verkvík - Sandtak, Hafnarfirði	4.946.800	50,3	12
1 Íslandsmálarar ehf., Reykjavík	4.935.000	50,2	0

Brú á Tunguá (68)

- viðgerð steypu 11-025

Tilboð opnuð 17. maí 2011. Viðgerð brúar yfir Tunguá á Innstrandavegi (68).

Helstu magnþölur:

Brot og endursteypa.....	10 m ²
Múrviðgerðir.....	80 m ²
Múrviðgerðir, (kantar).....	40 m
Hreinsun steypu.....	336 m ²
Sílanúðun.....	336 m ²
Kústun steypu.....	336 m ²

Verki skal að fullu lokið 29. júlí 2011.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
7 Íslandsmúr ehf., Reykjavík	10.900.000	135,8	5.380
6 Sólhús ehf., Reykjavík	10.084.000	125,7	4.564
5 Magnús og Steingrímur ehf., Reykjavík	9.148.000	114,0	3.628
--- Áætlaður verktakakostnaður	8.023.756	100,0	2.504
4 Í-2552, Bolungarvík	7.878.400	98,2	2.358
3 Spennt ehf., Reykjavík	6.297.200	78,5	777
2 Verkvík - Sandtak, Hafnarfirði	5.932.800	73,9	413
1 Íslandsmálarar ehf., Reykjavík	5.520.000	68,8	0

Efnisvinnsla á Vesturlandi 2011 10-012

Tilboð opnuð 17. maí 2011. Efnisvinnsla á Vesturlandi árið 2011.

Helstu magnþölur:

Efni í malarslitlag..... 13.000 m³

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2011.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Króksverk ehf., Sauðárkróki	27.655.000	103,8	1.056
--- Áætlaður verktakakostnaður	26.649.330	100,0	50
1 Tak - Malbik ehf., Borgarnesi	26.599.500	99,8	0

Brú á Þorskafjarðará (60)

- sandblástur og málun 11-027

Tilboð opnuð 17. maí 2011. Viðgerð brúar yfir Þorskafjarðará á Vestfjarðavegi (60).

Helstu magnþölur:

Sandblástur.....	443 m ²
Málun.....	443 m ²

Verki skal að fullu lokið 29. júlí 2011.


nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Húseignajónustan, Reykjavík	13.135.532	126,4	5.652
3 Bergá-Sandblástur, Reykjavík	11.416.250	109,9	3.933
--- Áætlaður verktakakostnaður	10.389.646	100,0	2.906
2 Sólhús ehf., Reykjavík	7.618.000	73,3	135
1 Verkhús - Samtak, Hafnarfirði	7.483.400	72,0	0

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Árlega veitir Vegagerðin styrk til rannsóknaverkefna. Styrkirnir eru fjármagnaðir af svonefndu tilraunafé, sem er nú 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni nokkurra af þeim skýrslum sem komið hafa út, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

Hagsveiflur, umferð og umferðaslysapróun á Íslandi 1965 – 2008 mars 2010

Tilangur verkefnisins er að þróa spálíkan sem tengir hagsveiflur við alvarleg umferðarslys á Íslandi. Þessi áfangi verkefnisins laut að söfnun gagna um umferðarslys auk gagna um hagræna þætti á tímabilinu 1965-2008. Við skoðun á þeim gögnum sem safnað var, kom í ljós að umferðaröryggi mælt sem slys á ekna kílómetra fer batnandi en hreinn fjöldi alvarlegra slysa helst hár. Með vaxandi verðbólgu fjölgaði látnum og aukin fjöldi



Fjöldi slysa með meidslum á ári í umferðinni á Íslandi og meðalverðbólga hvers árs 1965-2008.

umferðaslysa virðist falla saman við aukið atvinnuleysi. Greinilega má sjá áhrif lögleiðingu bílbelta í fækkun á fjölda látinna. Gert er ráð fyrir að líkanasmíð verði lokið í maí 2011.

Notkun svarðlags við uppgræðslu námusvæða mars 2010


Tilraunirnar hófust árið 2006. Niðurstöður eftir fjögur sumur benda til að notkun svarðlags skili meiri grenndargróðri en hefðbundnar uppgræðsluáðgerðir sem byggja á því að blanda saman öllum jarðvegi og jafna honum yfir svæðið að efnistöku lokinni. Tilraunin bendir einnig til að grassáning geti verið til óþurftar ef svarðlag er notað og mögulegt að takmarka áburðagjöf við slíka uppgræðslu. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki árið 2011 eða 2012 og þá liggi fyrir áhrif mismunandi uppgræðsluáðferða á gróðurframvindu yfir lengri tíma.



Rannsóknir á mannlegum þáttum tengdum umferðaröryggi

mars 2010

Eitt meginmarkmið rannsóknarinnar er að skoða hugtakið umferðarmenning, greina það og gera tillögur um breytingar. Aðferðafræðin byggir á athugunum á samskiptamáta vegfarenda, eðli hans og áhrifum. Sérstök áhersla er lögð á þá mannlegu þætti, sem tengjast umferðaröryggi, en þá má flokka eftir fjórum meginatriðum: Eftirlit, verkfræði, menntun og upplýsingagjöf.



Tengsl menningar, umferðarmenningar og öryggismenningar.

Tilraunakafar á Vestfjörðum

7. áfangaskýrsla

mars 2010

Árið 2003 voru lagðir út tilraunakafar með klæðingu úr völdum efnum af Vestfjörðum. Kafarnir voru lagðir í Tungudal og Önundarfirði. Markmið tilraunanna er að bera saman efni úr þeim berg- og malarnámum sem verið er að nota á Vestfjörðum, til að sjá hvaða efni á að leggja áherslu á að nota sem mest í framtíðinni. Með þessari skýrslu er verkefninu lokið. Dregnar eru saman ályktanir af tilraununum og m.a. kemur fram að umferðarþungi ásamt vetrarviðhaldi þar sem snjóplógar skrapa upp klæðingu hefur mikil áhrif á endingu. Veðurfarslegir þættir skipta líka máli, sérstaklega þar sem umferð er ekki mikil.



Tilraunakafli í Önundarfirði.

Leiðbeiningar til ökumanna um áhrif veikinda á akstur og umferðaröryggi

mars 2010

Áhrif veikinda á akstur og umferðaröryggi er áhyggjuefni og rannsóknaratriði. Margvíslegar rannsóknir hafa verið gerðar og greinar birtar í vísindatímaritum og á öðrum vettvangi, en niðurstöðurnar ná sjaldnast sjónum almennra ökumanna. Í verkefninu eru teknar saman leiðbeiningar til ökumanna um möguleg áhrif veikinda á akstur og umferðaröryggi. Skýrslan er áfangaskýrsla um rannsóknina.

Jarðfræðikort af Barðaströnd

mars 2010

Um er að ræða framvinduskýrslu fyrir verkefnið, sem áætlað er að ljúki fyrri hluta árs 2011. Verkefnið felst í gerð jarðfræðikorts af Barðaströnd á Vestfjörðum frá Rauðasandi inn



í Vattarfjörð. Fyrirliggjandi gögnum er safnað saman auk vettvangsferða til að fylla inn í upplýsingar. Niðurstöður verkefnisins nýtast Vegagerðinni í tengslum við vegbyggingu og efnisöflun á svæðinu.


Skipulag á höfuðborgarsvæðinu

– sjálfbær þróun í samgöngum

mars 2010

Verkefnið er fyrsti áfangi í stærra verkefni um vistvænt skipulag og byggingar. Markmið verkefnisins er að finna leiðir í

Skipting ferðamáta í nokkrum borgum. Mynd úr skýrslu nr. 1 um samgönguskipulag í Reykjavík, Hönnun 2005.



skipulagi og stjórnsýslu skipulagsmála sem eru raunhæfar til að snúa samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins í átt að sjálfbærri þróun. Bent er á lausnir til að flýta fyrir framgangi þess. Lögð er áhersla á mikilvægi samvinnu sveitarfélaga sem stuðlar að samhæftri stefnumörkun. Þá er bent á mikilvægi þess að stuðla að úrbótum á almennings-samgöngum.

Varnargarðar úr malarefni


– hönnun og hagnýting

mars 2010

Verkefnið fjallar um mögulega nýtingu malarefni með meðalkornastærð frá 2 til 260 mm til varnar ágangi sjávar við mannvirkjagerð. Í niðurstöðum kemur fram að malarefni sé áhrifaríkt efni til strandvarna og hefur í auknum mæli verið notað til að byggja upp hörfandi sandstrendur. Þó skortir á þekkingu á hegðun malarstranda undirölduálagi. Í verkefninu var augum beint að leiðigörðum við brú yfir austurós Héraðsvatna í Skagafirði. Niðurstaða er að reynsla þar sé góð. Jafnframt kemur fram að aðstandendur verkefnisins telja að frekari möguleikar á notkun malarefnis við vatnsvarnir við vegi séu fyrir hendi hérlendis.



Varnargarðar úr malarefni



Sérakreinin strætisvagna endar við gatnamót en nægilegt rými er fyrir framhjállaup handan gatnamóta.

Sérakreinar strætisvagna

á höfuðborgarsvæðinu

mars 2010

Í skýrslunni er almennt fjallað um ástand samgangna í þéttbýli í dag og helstu lausnir á núverandi umferðarvandamálum. Teknar eru saman upplýsingar um útfærslu sérakreina strætisvagna frá öðrum löndum, þar sem vel hefur tekist til. Þá eru settar fram tillögur um lausn á þeim umferðarvandamálum sem eru á höfuðborgarsvæðinu.



Mælingar á orkugleypni í 2000 kN brotpressu MANNVITS á ferköntuðu 600 mm sýni samkvæmt evrópska sprautusteyputaðlinum (myndin til vinstri) og á 600 mm kringlóttu sýni samkvæmt norsku sprautusteypu-leiðbeiningunum (myndin til hægri).

**Myndir
Geirs G.
Zoëga**

Síðastlíðið ár
hafa verið birtar
hér í blaðinu
nokkrar ljósmynda
Geirs G. Zoëga
vegamálastjóra.
Þetta efni hefur
fengið góðar
viðtökur og margir
hafa óskað eftir
meiru.



Brú yfir Hvítá við Brúarhlöð. Horft í norður.



Kálfaborgará í Bárðardal í Suður-Þingeyjarsýslu.



Laxá í Kjós



Hvítárbrú við Hvítárvatn



Hvítárbrú við Hvítárvatn



Ytri-Laxá í Húnavatnsýslu



Brákarsund við Borgarnes.



Ekið yfir brúna á Kattarhryggsgili á suðurleið, Norðurá vinstra megin



Laxá í Hrótafirði.



Jökulsárbrú á Sólheimasandi.



Þverá í Landeyjum.



Hítará á Mýrum.



Brynjudalsá í Hvalfirði.



Þverá í Landeyjum.



Tungufljót á Geysisvegi. Göngubrú

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeyðdar. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
11-030 Vetrarþjónusta 2011-2014, Vegamót - Borgarnes - Brattabrekka	2011
11-020 Vetrarþjónusta 2011-2014, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri	2011
11-019 Vetrarþjónusta 2011-2014, Brjánslækur - Bíldudalur	2011
11-017 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Straumsvík	2011
11-012 Hringvegur (1), Norðausturvegur - Hróteyjarkvísl, styrking og endurbætur	2011
11-013 Styrkingar og yfirlögn á Norðaustursvæði 2011	2011
11-004 Girðingar á Suðursvæði 2011	2011
11-005 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2011	2011
11-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, austurhluti, klæðing	2011
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
11-035 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, norðurhluti, klæðing	23.05.11 31.05.11
11-034 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, austurhluti, klæðing	23.05.11 31.05.11
11-021 Ólafsfjarðarvegur (82), snjófóðavarnir við Sauðanes	23.05.11 07.06.11
11-033 Dyrhólavegur	16.05.11 31.05.11
11-031 Brú á Kópavogslæk (40), - viðgerð steypu	16.05.11 31.05.11
11-002 Yfirlagnir á Suðursvæði, klæðing 2011	09.05.11 24.05.11
11-008 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011-2012, sprautuplast og mössun	09.05.11 24.05.11
11-032 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2011, repave eða fræsing og malbik	09.05.11 24.05.11
11-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2011, malbik	09.05.11 24.05.11

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
10-012 Efnisvinnsla á Vesturlandi 2011	02.05.11	17.05.11
11-024 Brú á Pambá (68), viðgerð steypu	02.05.11	17.05.11
11-025 Brú á Tunguá (68), viðgerð steypu	02.05.11	17.05.11
11-026 Brýr á Hrófá og Fellsá (68), viðgerð steypu	02.05.11	17.05.11
11-027 Brú á Þorskafjarðará (60), sandblástur og málun	02.05.11	17.05.11
11-007 Grassláttur á Suðvestursvæði 2011-2012	18.04.11	10.05.11
11-023 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2011, blettanir slittlaga	11.04.11	27.04.11
11-014 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2011, austurhluti	11.04.11	27.04.11
10-057 Hringvegur (1) brú á Ystu - Rjúkandi	04.10.10	26.10.10
Samningum lokið	Opnað:	Samið
10-058 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Grænás Skrauta ehf., kt. 700603-4820	22.03.11	27.04.11
11-022 Skeiðháholtsvegur Nesity ehf., kt. 700693-2369	27.04.11	10.05.11
Forval í vinnslu	Auglýst:	Opnað:
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	03.05.11
Útboð fellt niður, hætt við útboð		
11-011 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, malbik		
11-015 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2011, norðurhluti		
Útboð fellt niður, öllum tilboðum hafnað		
11-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, klæðing		

Starfsmenn Vegagerðarinnar þurfa oft að stöðva bifreiðar sínar á varasömum stöðum til að sinna verkefnum sínum. Nú er farið að merkja ökutæki stofnunarinnar betur með endurskinsborðum.

